

Mynddiska- / myndbandaskráning

1. Um samskráningu á VHS og DVD

Skrá skal saman í einni færslu mynddisk og myndband með því skilyrði að um sé að ræða

1. sama efni / upptöku
2. sama útgefanda
3. sama útgáfuár

Sé um slíka samskráningu að ræða skal

1. velja formgreininguna mynddiskur í sviði 245 \$h
2. endurtaka 007 sviðið í samræmi við mismunandi ytra efnisform
3. endurtaka 300 sviðið í samræmi við mismunandi ytra efnisform
4. Í sviði 546 skal sérstaklega taka fram hljóðsetningu og textasetningu sem oft er mismunandi á myndbandi og mynddiski
5. Endurtaka skal titil í sviði 740 með viðeigandi formgreiningu, \$h[myndband]

Greina skal efnisform í sviði 245 / 740 \$h á íslensku

2. Um val á málmynd titils í sviði 245

1. Titill skal vera á frummáli. Við val á frummálstitli skal styðjast við IMDb.
2. Geta skal um aðra málmynd titils í athugasemdasviði (500) og gera aukafærslu í sviði 740. Forðast skal að setja tvær málmyndir í svið 245
3. Efni talsett eingöngu á íslensku skal skrá á íslenskaðan titil
4. Efni talsett á mörgum tungumálum skal skrá á frummálstitil

3. Yfirlit yfir MARC sviðin

FMT= VM

LEADER

Sæti 06 – type of record = g = projected medium (alltaf)

007 – Ytra form efnis (R)

Tvítekið þegar bæði mynddiskur og myndband eru í sömu færslu

Sæti 00 – category of material

v = videorecording (alltaf)

Sæti 01 – specific material designation

f = myndband

d = mynddiskur (DVD)

008 – Kóðasvið (NR)

Sæti 06 - tegund dagsetningar

Nota s (single date).

Sæti 07-10 - ár

Hér komi einungis fram útgáfuár útgefna myndbandsins/-disksins - þ.e. sama ár og í sviði 260 (ekki upprunalegt framleiðsluár kvikmyndar)

Sæti 15-17 – útgáfuland

= ic þegar VHS/DVD er gefið út á Íslandi

Sæti 35-37 – tungumál

Það tungumál er valið sem talað er í myndinni, ekki tungumál skjátextans

Sjá að öðru leyti: *Skráning myndefnis – lágmarkskóðun og nokkur minnisatriði* á síðu Landskerfis – skráningarráð

http://www.landskerfi.is/skjol/skranrad/leidb/2006_06_13_lagmarkskodun.pdf

041 – Tungumálakóðar

Fyrri vísir 0 – fleiri en eitt tungumál

Fyrri vísir 1 – skjátexti

Deilisvið:

\$a (R) Kóði fyrir tungumál tals

\$b (R) Kóði fyrir tungumál skjátexta

Dæmi, tal á ensku, frönsku og þýsku, enginn skjátexti:

041.0 \$aeng \$afre \$ager

Dæmi, tal á ensku og spænsku, skjátexti á íslensku:

041.1 \$aeng \$aspa \$bice

044 – \$a (R) Landakóðar (ekki skyldusvið)

Athugið að í þetta svið má eingöngu setja kóða, ekki texta

1. Kóði fyrir upprunaland, þ.e. upphaflegt útgáfuland kvikmyndar eða frumgerðar myndefnis.

Æskilegt er að geta um upprunaland og ár í sviði 500. Leiknar kvikmyndir eiga alltaf að fá efnisorð í sviði 650.#4 sem gefa upprunaland þeirra til kynna

2. Einnig notað þegar greina þarf fleiri en eitt útgáfu- eða framleiðsluland (þ.e. fleira en kemur fram í sviði 008), t.d. fjölþjóðleg útgáfa

245 – Titill og ábyrgðaraðild

Leiknar kvikmyndir á myndböndum og mynddiskum eru skráðar á titil

Skrá skal á titil á frummáli í flestum tilvikum (sbr. lið 2 hér að ofan)

- \$a - aðaltitill
- \$h - formgreining á íslensku, innan hornklofa og með viðeigandi greinarmerkjum á eftir sem skrásetjari þarf að slá inn
- \$b - undirtitill
- \$c - ábyrgðaraðild, þ.e. leikstjóri. Aðra ábyrgðaraðild skal telja upp í sviðum 508 og 511 og gera aukafærslur í sviði 700 eftir þörfum (AACR2 7.1F1, óstytt útg.)

Dæmi: \$a Mávahlátur \$h [mynddiskur] / \$c kvikmynd eftir Ágúst Guðmundsson

Forðast skal að setja tvær málmyndir í svið 245 eins og gert hefur verið (sbr. Allt um móður mína)

260 – Útgefandi

Hér skal greina útgefanda mynddisks / myndbands (ekki upprunalegrar kvikmyndar eða frumgerðar)

Þetta svið á ekki að endurtaka. Ef upplýsingarnar um myndband og mynddisk eru ekki samhljóða á ekki að skrá efnið í einni færslu.

300 – Umfang, tími

Tvítekið þegar mynddiskur og myndband er skráð í einni færslu

5XX – Athugasemdir

Athugið að notkun athugasemdasviða er með öðrum hætti en í bókaskráningu, einkum hvað varðar tungumál titla og titilafbrigði

500 – Almennar athugasemdir

- Upphaflegt útgáfuár kvikmyndar + framleiðsluland
Dæmi: Gert eftir bandarískri kvikmynd frá árinu 1936
- Athugasemd um skylt verk
Dæmi: Byggt á sögu eftir Halldór Laxness
- Athugasemd um titilafbrigði (í sviði 245 er Marabústorkurinn)
Dæmi: Titill á hulstri: Marbústorkurinn

- Athugasemd um titil á öðru tungumáli
Dæmi: Titill á ensku: Downfall

Ef gera á aukafærslu á titil er nauðsynlegt að geta hans í athugasemdasviði

505 – Athugasemd um efni

T.d. aukaefni á disk

Fyrri vísir 0 - á gegnir.is kemur upp fyrirsögnin „Innihald“

Fyrri vísir 8 - hér þarf að slá inn eigin inngangsorð

508 – Ábyrgðaraðild

Önnur ábyrgðaraðild en getið er í sviði 245, t.d. handritshöfundur (ef hann er annar en leikstjóri), framleiðandi, kvikmyndatökumaður o.s.frv.

Þetta svið hefur fyrirsögnina „Aðild – athugasemd“ á gegnir.is

511 1 – Aðalleikendur

Þetta svið hefur fyrirsögnina: „Leikarar/flytjendur“ á gegnir.is

520 – Útdráttur

Söguþráður eða önnur lýsing efnis. Fyrri vísir = 8 ef skrásetjari notar inngangsorð (t.d. Efnislýsing: ...). Oftast tekið upp af kápu en lagað og stytt eftir þörfum (auglýsingaskrum tekið út)

521 – Notendahópur

Þetta svið hefur fyrirsögnina: „Notendur – athugasemd“ á gegnir.is

Dæmi: Bönnuð börnum yngri en 12 ára

538 – Tæknilegar upplýsingar

Notað ef þörf er á nánari upplýsingum en koma fram í sviði 300

546 – Tungumál

Athugasemd um tungumál tals og skjátexta

Dæmi: Íslenskt tal, enskur skjátexti

Athugið að athugasemd um titil á öðru tungumáli fer í svið 500 við skráningu myndefnis

547 – Fyrri titill (Former title complexity note)

Ekki lengur notað um titilafbrigði eða titil á öðru tungumáli. Sjá svið 500

586 – Verðlaun

T.d. Óskarsverðlaun

650 #4 – Efnisorð

Leiknar kvikmyndir eiga alltaf að fá efnisorð sem gefa upprunaland þeirra til kynna

Dæmi: Þýskar kvikmyndir

Kóreskar kvikmyndir

700 X – Aukafærsla á nafn

Nöfn leikstjóra, handritshöfunda, framleiðenda, aðalleikara o.fl. Óheimilt er að gera aukafærslu nema tilefnið komi fram í lýsingu eða athugasemdum

740 – Aukafærsla á titil

- Aukafærsla á titil sem tiltekinn er í sviði 500
 - Titilafbrigði
 - Titill á öðru tungumáli
- Aukafærsla á titil í sviði 245 er með formgreiningu \$h[myndband] þegar mismunandi efnisform eru skráð saman í færslu

856 42 – Rafrænt ítarefni

\$u - vefslóð, tengill í umfjöllun um kvikmyndina í IMDb kvikmyndagrunninn (www.imdb.com)

\$4 - muna eftir punktinum

\$z - texti sem birtist í færslu á gegnir.is. Textinn á að vera: IMDb kvikmyndagrunnur

Dæmi:

85642 \$\$uhttp://www.imdb.com/title/tt0034583/\$\$4.\$\$zIMDd kvikmyndagrunnur

Færslur sóttar í OCLC þarf að snyrta og aðlaga að Gegni þannig að samræmis gæti í skráningunni. Nauðsynlegt er að fletta öllum nafnmyndum upp (F3) og sækja þá réttu í höfðalista

Samþykkt í Skráningarráði 15. desember 2005

Breyting samþykkt í skráningarráði 8. október 2008

Breyting samþykkt í skráningarráði 15. september 2010

Breyting samþykkt í skráningarráði 12. október 2011

Dæmi um færslur:

859235	Oldboy
801693	Kagemusha
850466	Michael Vaillant
833662	The Chaplin revue
863355	Dead man walking
876432	Minkur í náttúru Íslands
876438	Hvert fara þeir